



Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun

## Sérrit 2016 – Námsrými félagslegs réttlætis og menntunar án aðgreiningar/Learning spaces for inclusion and social justice

Menntavísindasvið Háskóli Íslands

Ritstýrð grein birt 31. desember 2016

►► Yfirlit greina

Hanna Ragnarsdóttir

# Námsrými félagslegs réttlætis og menntunar án aðgreiningar

## Niðurstöður norrænnar rannsóknar um velgengni nemenda af erlendum uppruna og skóla á fjórum Norðurlöndum

► Um höfund ► Efnisorð

**Learning Spaces for Inclusion and Social Justice: Success Stories from Immigrant Students and School Communities in Four Nordic Countries.**

► About the author ► Key words

The focus in this special issue will be on the findings of the research project *Learning Spaces for Inclusion and Social Justice: Success Stories from Immigrant Students and School Communities in Four Nordic Countries*. The main aim of the three-year project (2013–2015) which was conducted in Finland, Iceland, Norway and Sweden was to draw lessons from success stories of individual immigrant students and whole school communities at different levels that have succeeded in developing learning contexts that are equitable and socially just. Learning spaces refer to school communities as well as other learning environments and practices than schools, which may be important or instrumental for the young immigrants' participation and success. In the project, students' success is defined as social as well as academic. By identifying success stories and good practices our aim was to provide guidelines for teaching and school reform based on these strategies.

Two main aims of the study are to 1) understand and learn from the experiences of immigrant students who have succeeded academically and socially and 2) explore and understand how social justice is implemented in equitable and successful diverse Nordic school contexts and other learning spaces. The project integrates the following four subthemes and main research areas: *A. Students: Experiences and aspirations of immigrant students; B. Teachers' professional development, pedagogy and teaching practices: Teachers as agents and facilitators of inclusion; C. Leadership, collaboration and school cultures: Promotion of democratic participation and collaboration of students, teachers, and parents; and D. Policies and curricula: Main criteria relating to equity, inclusion and social justice in educational policy, national curriculum guidelines, school policy and curricula* (Hanna Ragnarsdóttir, 2015). In this introduction the theoretical background of the project will be introduced as well as methods, main findings and guidelines and recommendations for school development. The five articles in this special issue highlight some findings from the Icelandic schools in the research while main findings from all the countries in the project are available in the final report (Hanna Ragnarsdóttir, 2015) and on the project website (*Learning spaces for inclusion and social justice: Education in multicultural societies*, e.d.).

## Inngangur

Í sérriiti þessu verður kastljósinu beint að niðurstöðum nýlegs rannsóknarverkefnis sem ber heitið *Learning Spaces for Inclusion and Social Justice: Success Stories from Immigrant Students and School Communities in Four Nordic Countries* (LSP) og var styrkt af NordForsk og Rannís. Íslenska heitið er *Námsrými félagslegs réttlætis og menntunar án aðgreiningar: Frásagnir um velgengni nemenda af erlendum uppruna og skóla á fjórum Norðurlöndum*. Meginmarkmið verkefnisins, sem unnið var árin 2013–2015, var að öðlast skilning á reynslu nemenda af erlendum uppruna á Íslandi og í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð sem átt hafa náms- og félagslegri velgengni að fagna og að kanna hvernig félagslegt réttlæti birtist í skólastarfi og öðru námsrými sem byggt er á margbreytileika og hefur jafnrétti að leiðarljósi (Hanna Ragnarsdóttir, 2015). Í þessum inngangi verður fjallað í stuttu máli um umgjörð verkefnisins á Norðurlöndunum, sem og fræðilegan bakgrunn þess, aðdraganda, aðferðafræði og afrakstur. Loks verður fjallað í stuttu máli um það hvernig nýta má niðurstöður rannsóknarinnar í þróun skóla á Norðurlöndunum. Greinarnar í þessu sérriiti varpa ljósi á niðurstöður úr íslensku skólunum í rannsókninni en niðurstöður frá öllum löndunum í rannsókninni birtust í lokaskýrslu verkefnisins (Hanna Ragnarsdóttir, 2015) og á vef þess (*Learning spaces for inclusion and social justice: Education in multicultural societies*, e.d.).

Samkvæmt OECD (2016) eru innflytjendur skilgreindir sem allir einstaklingar sem fæddir eru erlendis og hafa flust frá fæðingarlandi til núverandi búsetulands. Hópur erlendra ríkisborgara samanstandur af einstaklingum sem enn eru með ríkisfang í upprunalandi sínu. *Í ljósi mismunandi sögulegra aðstæðna í löndunum fjórum, þá tilheyra þátttakendur í þessari rannsókn einnig annarri kynslóð innflytjenda, þ.e.a.s. börn og unglingar fædd af erlendum foreldrum*.

## Fræðilegur bakgrunnur

Í LSP-verkefninu var sjónarhorn gagnrýninnar fjölmenningarfræði (e. critical multiculturalism) lagt til grundvallar. Gagnrýnin fjölmenningarfræði fjallar á gagnrýninn hátt um stöðu og reynslu einstaklinga og hópa, m.a. í menntakerfum. Jafnrétti, félagslegt réttlæti og valdefling (e. empowerment) einstaklinga eru þar lykilhugtök (May og Sleeter, 2010). Skólar sem styðjast við gagnrýna fjölmenningarfræði í starfi sínu beina sjónum að stöðu minnihlutahópa og leitast við að skapa aðstæður fyrir jöfnuð, virka þátttöku og valdeflingu allra nemenda (Banks, 2013; Nieto, 2010). Að mati Nieto (2010) felst í valdeflingu endurskoðun tengsla milli kennara, nemenda, foreldra og stjórnenda. Nemendur verða virkir þátttakendur í stað þess að vera þiggjendur og kennarar byggja kennslu sína markvisst á þekkingu og hæfni allra nemenda.

Fjölmenningarleg menntun þar sem gagnrýnin fjölmenningarfræði er lögð til grundvallar hefur verið viðfangsefni fjölmargra fræðimanna undanfarna áratugi og má þar m.a. nefna James Banks (2011, 2013) og Soniu Nieto (2010). Banks (2013) hefur m.a. þróað líkan til að lýsa fjölmenningarlegri menntun þar sem meginþættir eru valdeflandi skólamenning, uppeldisfræði jöfnuðar, að tengja inntak menntunar við margs konar menningu, að stuðla að fordómalausum skólastarfi og að hjálpa nemendum að skilja hvernig þekking mótast og að hún er aldrei hlutlaus. Nieto (2010) leggur áherslu á mótun fjölmenningarlegra skólasamfélaga þar sem hver nemandi fái tækifæri til að tengja námið reynslu sinni og þekkingu og byggt sé á framlagi hvers nemanda í kennslu. Hún telur afar mikilvægt að stuðla að valdeflingu nemenda og vinna gegn hvers kyns mismunun í menntakerfum. Umfjöllun Gay (2000) um menningarmiðaða kennslu (e. culturally responsive teaching) beinist á svipaðan hátt að því að kennarar skilji ólíkan menningarlegan grunn nemenda og byggji skólastarfið á menningu nemenda. Í menningarmiðuðum kennsluháttum felst m.a. að viðurkenna ólíka menningu; leitast við að byggja merkingarbærar brýr milli heimila og skóla þar sem inntak námsins er tengt veruleika og reynslu nemenda, svo og milli fræða og raunveruleika nemenda; nota fjölbreyttar kennsluáðferðir; kenna nemendum að meta eigin menningu og uppruna; og að fjölmenningarlegar upplýsingar og námsgögn séu fyrir hendi í öllum námsgreinum.

Þrátt fyrir mikla grósku í rannsóknum og þróun skólastarfs undanfarin ár, þar sem hugmyndafræði fjölmenningarlegrar menntunar er lögð til grundvallar, hafa rannsóknir í ýmsum löndum bent til þess að innflytjendabörn séu í mörgum tilvikum jaðarsett í skólum, þátttaka þeirra sé takmörkuð og árangur þeirra – námslegur og félagslegur – verri en annarra barna (Brooker, 2002; Coard, 2005; Drew og Demack, 1998; Gundara, 2000; Hernandez, 2004; Nieto, 2010; Rumbaut og Por-

tes, 2001). Niðurstöður rannsókna á Norðurlöndum ber almennt að sama bruni. Námsárangur innflytjendabarna er verri en annarra barna samkvæmt niðurstöðum PISA-rannsókna (Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson og Júlíus K. Björnsson, 2012) og þau eru í mörgum tilvikum jaðarsett, félagslega einangruð og njóta minni virðingar en önnur börn (Elsa Sigríður Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir, 2008, 2010; Holm og Londen, 2010; Horst og Gitz-Johansen, 2010; von Brömssen og Rodell Olgaç, 2010; Þórdís Þórðardóttir, 2015).

Fjallað hefur verið um ýmsar ástæður fyrir jaðarstöðu innflytjendabarna, svo sem að menntakerfi og menntastefna geri ekki ráð fyrir fjölbreyttum nemendahópum, eftirfylgni skorti þar sem menntastefna geri ráð fyrir fjölbreyttum nemendahópum og þar af leiðandi skorti þekkingu á mál-efnum þeirra í skólum, börnin hafi ekki náð nægilega góðum tókum á meirihlutamáli samfélagsins, menning og gildi heimila og skóla séu ólík, viðhorf til menntunar og uppeldis séu mismunandi og að hlutverk og ábyrgð barna í fjölskyldum séu ólík (Brooker, 2002; Hanna Ragnarsdóttir, 2008; Horst og Gitz-Johansen, 2010; Nieto, 2010; Ogbu, 2003). Í tengslum við þessa umræðu hafa einnig verið gerðar ýmsar rannsóknir undanfarin ár á Norðurlöndum og víðar sem fjalla um kennara af erlendum uppruna í leik- og grunnskólum (Björk Helle Lassen, 2007; Gitz-Johansen, 2006; Hanna Ragnarsdóttir, 2010; Hanna Ragnarsdóttir og Hildur Blöndal, 2007, 2010; Hauge, 2004; Hvistendahl, 2009; Kulbrandstad, 2009; Ringen og Kjørven, 2009; Samúel Lefever, Robert Berman, Hafdis Guðjónsdóttir og Karen Rut Gísladóttir, 2014; Staunæs, 2004; Talib og Horoya, 2010). Niðurstöður þessara rannsókna benda m.a. til þess að kennarar af erlendum uppruna upplifi hindranir innan menntakerfanna, svo sem jaðarstöðu vegna ónógrar kunnáttu í meirihlutamáli viðkomandi samfélaga, menntun þeirra og þekking sé vanmetin og þeir fái ekki störf og hlutverk við hæfi. Að mati ýmissa fræðimanna er fjölbreyttur kennarahópur mikilvægur í starfi með fjölbreyttum nemendahópum vegna þeirrar margvíslegu þekkingar og reynslu sem býr í slíkum hópi, svo sem tungumálþekkingar, reynslu af menntun og störfum í ýmsum löndum, svo og reynslu af búferlaflutningum milli landa (Björk Helle Lassen, 2007; Hanna Ragnarsdóttir og Hildur Blöndal, 2007; Ladson-Billings, 2001; Lumby og Coleman, 2007; Schmidt og Block, 2010).

Undanfarin ár hefur verið fjallað mikið um tungumál í skólastarfi og hvernig byggja megi skólastarf markvissar á fjölbreyttum móðurmálum nemenda. Fjölmargar rannsóknir liggja fyrir sem sýna fram á mikilvægi þess að móðurmál nemenda séu sýnileg og töluð í skólum. Þannig er talið brýnt að nota móðurmál nemenda markvisst í skólastarfi og tengja móðurmál við meirihlutamál í daglegri kennslu. Margir fræðimenn telja að notkun móðurmála í skólum sé sjálfsgöð mannréttindi (Skutnabb-Kangas, Phillipson, Mohanty og Panda, 2009). Jim Cummins (2004) hefur haldið því fram að þrátt fyrir mikla fjölgun tví- og fjöltungdra nemenda víða um heim séu menntastefna, námskrár, kennsluhættir og námsmat fyrst og fremst miðuð við eintungda nemendur, þ.e. nemendur sem eiga meirihlutamál viðkomandi samfélags sem móðurmál. Nýjar áherslur sem fram hafa komið undanfarin ár og gjarnan eru kenndar við fjöltyngi (e. the multilingual turn) miða m.a. að því að fjöltyngi sé reglan fremur en undantekningin, ólík tungumál séu notuð í daglegu skólastarfi, markvisst samstarf sé við hina ýmsu málahópa foreldra, námsmat sé miðað við fjöltungda nemendur og síðast en ekki síst séu kennarar menntaðir og þjálfaðir fyrir fjöltungt skólastarf (Conteh og Meier, 2014; García, 2009; García og Kleifgen, 2010; García og Wei, 2014; May, 2014; Trifonas og Aravossitas, 2014).

Þó að lýðræði og mannréttindi séu grundvallaratriði og gildi í menntun á Norðurlöndum og komi fram í lögum og námskrám (Kulbrandstad, Dervin, Hellman, Lunneblad og Hanna Ragnarsdóttir, 2014; Kulbrandstad, Hanna Ragnarsdóttir, Dervin, Hellman og Lunneblad, 2015; Wagner og Jóhanna Einarsdóttir, 2006) hafa fjölmenningarlegar áherslur í menntun ekki verið staðfestar opinberlega sem stefna á Norðurlöndum og þeim hefur því almennt ekki verið hrint í framkvæmd þó að skólar beri samkvæmt lögum ábyrgð á að veita öllum nemendum sínum gæðamenntun (Elsa Sigríður Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir, 2010; Hanna Ragnarsdóttir, 2008; Holm og Londen, 2010; Horst og Gitz-Johansen, 2010; von Brömssen og Rodell Olgaç, 2010). Þrátt fyrir þetta hafa margir skólar á Norðurlöndum haft frumkvæði að því að þróa markvisst starf í anda fjölmenningarlegrar menntunar og LSP-rannsóknarverkefnið beinir einmitt athyglinni að slíkum skólum.

## Lykilhugtök

Helstu hugtök sem beitt er í verkefninu eru **námsrými (e. learning spaces)**; menntun án aðgreiningar (e. inclusion); félagslegt réttlæti (e. social justice) og velgengni (e. success). Hér verður fjallað um þau í stuttu máli en í greinunum í sérititun eru þau jafnframt tekin til umfjöllunar.

### Námsrými

Námsrými vísa til skólasamfélaga og annars námsumhverfis og starfshátta sem geta verið mikilvæg og hjálpleg fyrir þátttöku og árangur ungra innflytjenda. Hægt er að þróa *ýmis* námsrými innan skólans og í hverri kennslustofu geta bæði kennarar og nemendur búið til eða opnað *slík* rými. Námsrými taka til félagslegs umhverfis, neta og *úrræða* sem hvetja til lærdóms, þróa hann og hlúa að honum, styðja nemendur til að verða *þátttakendur í eigin símenntun* og virkir þátttakendur í samfélaginu. Hugtakið námsrými hjálpar okkur að kanna hvernig málefni félagslegs réttlætis og jöfnuðar eru byggð inn í námsferlið (Banks, 2013; Gee, 2004).

### Menntun án aðgreiningar

Í menntun án aðgreiningar er lögð áhersla á fjölbreytileika og hvernig skólar koma til móts við fjölbreytta nemendahópa. Meginmarkmið menntunar án aðgreiningar er að beina athygli að misrétti sem birtist í útilokun og mismunun á grundvelli fjölbreytileika, svo sem félagslegrar stöðu, uppruna, trúar, kyns og getu nemenda og fjölskyldna þeirra. Menntun án aðgreiningar er talin vera virkt ferli og þar er lögð mikil áhersla á aukna þátttöku í menntun fyrir alla sem hlut eiga að máli (Booth, 2010). Skóli án aðgreiningar leitar leiða til að allir nemendur hljóti menntun. Hann vinnur gegn mismunun og leiðir til réttláts samfélags þar sem allir eru gildir þátttakendur (Slee, 2011; UNESCO, 1994). Í þemahefti um jafnrétti sem grunnþátt í menntun á öllum skólastigum (Kristín Dýrfjörð o.fl., 2013) kemur fram að markmið skóla án aðgreiningar sé að allir eigi raunverulega hlutdeild í skólastarfinu, taki þar virkan þátt og búi við jafnrétti, hver svo sem aldur, félagsleg staða, uppruni, kyn eða lífsskoðun þeirra kunni að vera. Enn fremur taki skóli án aðgreiningar sérstaklega til allra þeirra hópa sem á einhvern hátt geta átt undir högg að sækja eða átt á hættu að fá ekki fulla hlutdeild í skólalífínu. Stefnan byggist á þeirri hugmynd að menntun sé réttur allra og að það sé samfélagsins að tryggja öllum menntun við hæfi.

### Félagslegt réttlæti

Að mati Ryan og Rottmann (2007) er jafnrétti oft ranglega tengt félagslegu réttlæti hvað varðar skilning á mun. Samkvæmt jafnrétti ætti að koma til móts við einstaklinga og hópa í samræmi við þörf þeirra. Með því að stefna að réttlæti fyrir einstaklinga fremur en jafnrétti verði mögulegt að vinna gegn ranglátum mun. Þeir sem berjast fyrir félagslegu réttlæti vilja skapa veröld sem er sanngjörn og réttlát fyrir alla, en ekki veröld þar sem allir fá það sama til að ná sömu markmiðum (Ryan og Rottmann, 2007). Í þemahefti um jafnrétti sem grunnþátt í menntun (Kristín Dýrfjörð o.fl., 2013) kemur fram að hugtakið jafnrétti sé nátengt hugtökunum mismunun og misrétti, jafnréttis-hugtakið gangi gegn mismunun og geri ráð fyrir að sambærileg tilvik fái sambærilega meðferð. Í þemaheftinu eru hugtökin jafnræði og jafnrétti lögð að jöfnu.

### Vulgengni

Vulgengi er almennt lýst sem því að ná settum persónulegum, pólitískum eða félagslegum markmiðum og getur því verið ýmist huglæg eða hlutlæg. Huglæg vulgengi tengist sjónarmiðum og viðhorfum nemenda, það er að segja að þeir upplifi árangur tengdan persónulegum markmiðum, svo sem varðandi velferð og fjölskyldu. Hlutlæg vulgengi tengist á hinn bóginn pólitískum og félagslegum árangri sem snertir meira menntun og atvinnu, efnisleg gæði og stöðu og er byggð á stöðluðu eða mælanlegu viðhorfi til þess hvað felst í því að ná árangri sem einstaklingur, skóli eða samfélag (Waye, Layne, Dervin og Janhonen-Abuquah, 2015).

## Markmið og skipulag

Meginmarkmið LSP-verkefnisins voru eins og áður segir:

- að öðlast skilning á reynslu nemenda af erlendum uppruna sem átt hafa náms- og félagslegri velgengni að fagna á Íslandi og læra af henni;
- að kanna og öðlast skilning á því hvernig félagslegt réttlæti birtist í skólastarfi og öðru námsumhverfi sem byggt er á fjölbreytileika og hefur jafnrétti að leiðarljósi.

Verkefnið spratt upp í kjölfar umræðna í rannsóknarhópnum um niðurstöður rannsókna á Norðurlöndunum sem bent hafa til slæmrar stöðu innflytjendabarna í skólum, en einnig vegna vitneskju um að mörg dæmi væru á Norðurlöndum og víðar um velgengni innflytjendabarna og farsælt skólastarf með þeim (Arshad, Wrigley og Pratt, 2012; Cummins og Early, 2011; Hanna Ragnarsdóttir og Schmidt, 2014; Wrigley, 2000). Í verkefninu voru fjögur meginrannsóknarsvið:

1. *Nemendur: Reynsla og metnaður nemenda af erlendum uppruna.* Meginmarkmiðið var að greina reynslu og væntingar barna og ungmenna af erlendum uppruna í hverju landi sem hafa átt náms- og félagslegri velgengni að fagna. Athugað var m.a. hvers konar námsumhverfi og skólastarf hefði leitt til velgengni þeirra og hverjar væntingar þeirra væru til kennara, námskrár og skólastarfs. Einnig voru athugað viðhorf þeirra til meirihlutatungumáls og menningar í hverju landi og til upprunamenningar þeirra og móðurmáls.
2. *Kennarar: Þróun fagmennsku kennara og kennsluaðferðir.* Meginmarkmiðið var að greina hvernig skólar þróa og viðhalda starfi sem byggt er á félagslegu réttlæti og hvernig kennarar skapa námsrými þar sem byggt er á margvíslegri reynslu, tungumálum og menningu nemenda. Einnig var athugað m.a. hvaða hlutverki kennararnir gegna gagnvart nemendum og foreldrum, hvernig fagmennska þeirra birtist og hvað þeir eiga sameiginlegt.
3. *Stjórnun: Forysta, samvinna og skólamenning.* Meginmarkmiðið var að athuga hvernig forysta styður lýðræðislega þátttöku, skólastarf án aðgreiningar og samstarf nemenda, kennara og foreldra. Einnig var athugað hverjar eru helstu hindranir fyrir þróun skólamenningar þar sem áhersla er lögð á samstarf.
4. *Stefna og námskrár: Jafnrétti og félagslegt réttlæti í menntastefnu, aðalnámskrám, skólastefnu og skólanámskrám.* Meginmarkmiðið var að greina helstu þætti sem tengjast jafnrétti, félagslegu réttlæti og lýðræði í stefnuskjölum í skólunum í rannsókninni, svo og í menntastefnu og aðalnámskrám í löndunum fjórum.

Rannsóknarverkefnið var þverfaglegt og í rannsóknarhópnum voru alls 27 fræðimenn, m.a. á sviði fjölmennningarfræða, fólksflutningafræða, fjölmenningarlegrar menntunar, skóla án aðgreiningar, tungumálakennslu, annarsmálsfræða, kennslufræða, stjórnunarfræða, kynjafræða og læsisfræða. Verkefnið var ekki síst unnið í viðleitni til að bregðast við neikvæðri umræðu í kjölfar rannsókna sem benda til slæms árangurs innflytjendabarna í skólum. Ætlunin með verkefninu var að varpa ljósi á skólastarf sem er til fyrirmyndar með tilliti til náms- og félagslegs árangurs nemenda af erlendum uppruna. Hugmyndin var að sögur um velgengni gætu orðið leiðarljós fyrir umbætur í kennslu og skólastarfi og mikilvægt framlag til þróunar menntastefnu og kennaramenntunar. Niðurstöður yrðu þannig ávinningur fyrir alla þátttakendur í rannsókninni og í þágu þeirra og þær gætu eftir menntun án aðgreiningar og félagslegt réttlæti á Norðurlöndum ásamt því að skapa breiðan þekkingargrunn og samanburð í alþjóðlegu samhengi.

## Aðferð

Blönduðum rannsóknaraðferðum var beitt í verkefninu, bæði meginlegum og eigindlegum. Slík nálgun þótti hentug til að varpa ljósi á viðfangsefni. Eins og Sigurlína Davíðsdóttir og Anna Ólafsdóttir (2013) og Cresswell (2013) gera grein fyrir veitir hún betri skilning á viðfangsefnum af þessu tagi en hvor aðferð um sig. Í samræmi við aðferðafræði sem Sigurlína Davíðsdóttir (2013) lýsir var eigindlegum aðferðum, svo sem viðtölum, vettvangsathugun og skjalagreiningu, beitt til

að skilja viðfangsefnið djúpum skilningi en meginlegri aðferð í formi spurningakönnunar til að fá betri yfirsýn og heildaryfirlit.

Þróað var sameiginlegt rannsóknarlíkan fyrir öll löndin í rannsókninni. Tilviksrannsóknir (e. case studies) voru gerðar í skólum á þremur stigum (leik-, grunn- og framhaldsskólum) í þéttbýli og dreifbýli í löndunum fjórum. Stake (2005) segir að tilviksrannsóknir séu gjarnan gerðar þegar leggja á áherslu á hvað hægt sé að læra af viðkomandi tilviki. Þekkingin sem fæst geti síðan orðið mikilvægur þáttur í umræðu um viðfangsefnið. Fjöldi skóla fór nokkuð eftir fjölda rannsakenda í hverju landi, en alls urðu skólarnir í rannsókninni 27. Um markmiðsúrtak var að ræða og skólar sem best voru taldir henta markmiði rannsóknarinnar urðu fyrir valinu. Byrjað var á að velja skóla í öllum löndum þar sem hlutfall nemenda af erlendum uppruna var hátt miðað við aðra skóla. Til að velja skóla úr þeim flokki í rannsóknina var m.a. gengið út frá matsskýrslum og mati sérfræðinga, meðaleinkunum á ýmiss konar stöðluðum eða samræmdum prófum og brottfallstölum. Valdir voru skólar þar sem námsárangur var góður og vitað var að höfðu þróað starf sem einkenndist af félagslegu réttlæti og jafnrétti fyrir alla nemendur. Á Íslandi voru með þessum hætti valdir alls níu skólar, þrír á hverju skólastigi.

Í skólunum í rannsókninni voru tekin hálfopin viðtöl við stjórnendur, kennara, nemendur og foreldra. Viðtölin áttu að varpa eins skýru ljósi og mögulegt væri á viðhorf og skoðanir þátttakenda. Hálfopin viðtöl leyfa rannsakandanum að skipuleggja efni viðtalsins en gefa þátttakanda jafnframt tækifæri til að ræða á opinskáan hátt um efnið (Flick, 2006; Kvale, 2007). Kennarar sem höfðu reynt af kennslu nemenda af erlendum uppruna voru valdir til þátttöku með aðstoð stjórnenda skólanna. Nemendur af erlendum uppruna voru valdir með aðstoð kennara og stjórnenda og áttu það sameiginlegt að hafa náð góðum árangri í námi og félagslega að mati stjórnenda og kennara. Nemendur voru af ólíkum uppruna, ólíkri stéttarstöðu og kyni. Foreldrar barna sem áttu velgengni að fagna voru valdir í leikskólunum. Viðtalsrannsóknir voru unnir í samstarfi rannsóknarhópa í öllum löndunum. Leitast var við að viðtölin færu fram á því tungumáli sem hentaði þátttakendum best og rannsakendur hefðu næga þekkingu á. Auk þess fóru fram vettvangsathuganir, þátttökuathuganir, ýmis verkefni voru unnin með nemendum skólanna, dagbækur voru skrifaðar og myndefni (myndböndum og myndum) safnað.

Loks var sameiginleg rafræn spurningakönnun samin í samstarfi rannsóknarhópa allra landanna og lögð fyrir allt starfsfólk skólanna 27. Eftir að ákveðið hafði verið hvert meginmarkmið könnunarinnar væri var áhersla lögð á að velja tiltekin þemu til að leitast við að skilja og fá yfirsýn yfir það hvaða þættir leiddu til árangurs og velgengni nemendanna og skólanna (McMillan og Wergin, 2009). Spurt var annars vegar um stuðning frá stjórnvöldum, stjórnámálönnum og yfirvöldum menntamála og hins vegar um skólasamfélagið, þ.e. stefnu, forystu, eigið starf, skipulag, annað starfsfólk, börn og nemendur, og foreldra.

Lög, reglugerðir og aðalnámskrár í öllum löndunum voru greindar, svo og skólafélag og skólanámskrár allra skólanna í rannsókninni. Greining fór fram samhliða gagnasöfnun í öllum löndunum og rannsakendur í löndunum fjórum ræddu reglulega saman um greiningarvinnuna.

Öll viðtölin voru hljóðrituð og afrituð orðrétt. Við gagnagreiningu var beitt eiginlegum greiningaraðferðum, svo sem innihaldsgreiningu (e. content analysis), þemalyklun (e. coding) og stöðugum samanburði (e. constant comparison) á rannsóknargögnum. Afrituðu gögnin voru marglesin og athuguð af rannsóknarteyminu (höfundum) og fór gagnagreiningin fram í nánu samstarfi og samtali þar sem leitað var að meginþemum í viðtölum og vettvangsathugunum og þau borin saman við rannsóknargögn.

Rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar og upplýsts samþykkis var aflað frá öllum þátttakendum.

## Afrakstur og lærdómur

Gagnamagn í þáttökuskólunum 27 í rannsókninni var mikið og eins og gefur að skilja eru niðurstöður því flóknar og umfangsmiklar. Meginniðurstöður verkefnisins birtust í fyrstu heildarskýrslu rannsóknarhópsins (Hanna Ragnarsdóttir, 2015), niðurstöður úr einstökum þáttum rannsóknarinnar birtast í ýmsum greinum og bókum (sjá nánar á vef verkefnisins: Learning Spaces for Inclu-

sion and Social Justice: Education in multicultural societies, e.d.) og bók um niðurstöður frá öllum löndunum er væntanleg. Niðurstöðurnar leiða í ljós fjölda áhugaverðra þátta í skólastarfi í löndunum fjórum. Ýmsir þættir eru áþekkir milli landanna og innan þeirra, en einnig er að finna marga ólíka fleti á skólastarfinu. Í greinunum í þessu sérítu er fjallað um ýmsar niðurstöður úr íslensku skólunum.

Verkefnið gefur margvíslegar vísbendingar um það hvernig þróa má farsælt skólastarf með nemendum úr hópum innflytjenda. Rannsóknir hafa sýnt að fjölmenningslegt skólastarf gagnast öllum nemendum vel. Af niðurstöðum rannsóknarinnar má ráða að mikilvægt sé að stuðla að menntun kennara í fjölmenningsfræðum og á sviði fjöltyngisfræða. Þörf virðist vera bæði á formlegri menntun, svo og símenntun. Einnig virðist skorta nám á sviði annarsmálsfræða og kennslufræða í meirihlutamálum landanna fjögurra.

Innflytjendabörn og -nemendur eru í mörgum skólanna í rannsókninni á ábyrgð tiltekinna kennara sem einkum starfa í móttökudeildum eða öðrum starfseiningum með innflytjendabörnum. Mikilvægt er að allir kennarar komi að kennslu innflytjendabarna og að ábyrgðin sé skólanna í heild.

Kennarar og stjórnendur þurfa að gera kröfur til innflytjendanemenda og gæta þess að ekki sé gefinn afsláttur af námi. Dæmi voru um slíkt í rannsókninni, en þar er e.t.v. um mis-skilda góðmennsku að ræða sem haft getur slæm áhrif á námsframvindu barnanna.

Mikilvægt er að byggja á öllum tungumálum og styðja fjöltyngi með margvíslegum aðferðum. Jafnframt er nauðsynlegt að fjölga móðurmálskennurum til að kenna og styðja móðurmál innflytjendabarna.

Leggja þarf áherslu á heildarsýn á innflytjendabörn þar sem hugað er að félagslegri velgengni ekki síður en velgengni í námi.

Mikilvæg og góð þekking er víða fyrir hendi í skólunum en hætta er á að sú þekking glatist ef ekki er hugað markvisst að því að viðhalda henni og þróa hana áfram. Þess vegna þarf að huga að sjálfbærri forystu og þekkingu.

Til að miðla góðri þekkingu og aðferðum er nauðsynlegt að skólar (kennarar og stjórnendur) starfi saman að því. Lítið var um slíkt í rannsókninni og hver skóli virtist þróa eigin þekkingu og aðferðir.

Einnig er mikilvægt að meira samtal og samstarf sé milli háskóla sem mennta og endurmennta kennara.

Foreldrasamstarf er einn af lykilþáttunum í velgengni nemenda. Í sumum skólum í rannsókninni skorti frumkvæði í samskiptum við foreldra, en í þeim skólum þar sem slíkt frumkvæði var fyrir hendi hafði þróast afar farsælt starf með innflytjendabörnum og fjölskyldum þeirra.

Að lokum má segja að í stórum dráttum sé í skólunum í rannsókninni víða að finna vandað, metnaðarfullt og farsælt skólastarf sem gefur vísbendingu um hvers konar árangri er hægt að ná þegar stjórnendur, kennarar, foreldrar og nemendur vinna saman að þróun farsæls fjölmenningslegs skólastarfs. Ljóst er að ýmislegt má læra af niðurstöðum rannsóknarinnar og miðla til skóla, stefnumótandi aðila og menntakerfa á Norðurlöndum, svo og víðar.

## Greinarnar í sérítinu

Greinarnar í sérítinu eru eftirfarandi:

Í greininni *Stöðugleiki í forystu menntunar nemenda af erlendum uppruna: Tilvikslýsingar* úr þremur grunnskólum eftir Börk Hansen, Sigurlaugu Hrund Svavarsdóttur, Helga Þ. Svavarsson og Hönnu Ragnarsdóttur segir frá áherslum í þremur íslenskum grunnskólum. Til að draga upp mynd af stjórnunarlegum áherslum var hugtak Hargreaves og Fink (2006) um stöðugleika í forystu lagt til grundvallar. Einkum var horft á undirhugtakið umskipti með arftökum eða eftirmönnum

sem vísar til þess að viðhalda eða efla forystu sem er til staðar á tilteknu sviði eða breyta um áherslu.

Greinin *Equitable pedagogical practice in culturally diverse classrooms: Perspectives of teachers and students in upper secondary schools* eftir Anh-Dao Tran, Samúel Lefever og Hönnu Ragnarsdóttur fjallar um viðhorf kennara til kennslu og samskipti þeirra við nemendur af erlendum uppruna á framhaldsskólastigi, auk reynslu nemendanna af náminu. Fræðilegur grunnur verkefnisins er hugmyndir Banks (2013), Cummins (1996), Gay (2000) og Nieto (2010) um menningarnæma kennslu og fjölmenningslega menntun. Ítarleg einstaklingsviðtöl voru tekin við níu kennara og 24 ungmenntu af erlendum uppruna.

Í greininni *Fjölmenningslegt leikskólastarf: Þátttaka, samskipti og umhyggja í þremur íslenskum leikskólum* eftir Hönnu Ragnarsdóttur, Friðu Bjarneyju Jónsdóttur og Hildi Blöndal er fjallað um það með hvaða hætti leikskólar skapa námsrými fyrir fjölbreytta barnahópa og hvetja börn og foreldra til þátttöku. Fjallað er um ýmsa þætti skólastarfsins sem stuðla að virkri þátttöku allra barna, með sérstaka áherslu á börn af erlendum uppruna og vísun í hugmyndafræði fjölmenningslegrar menntunar (Banks, 2010), gagnrýnnar uppeldisfræði og fjölmenningshyggju (Brooker, 2002; Gay, 2000; May og Sleeter, 2010; Parekh, 2006), máltöku og læsi fjöltyngdra barna (Cummins, 2004) og siðfræði umhyggju (Noddings, 1988).

Í grein Hönnu Ragnarsdóttur og Anh-Dao Tran, *Stefna í málefnum nemenda af erlendum uppruna og innleiðing hennar í fjórum sveitarfélögum á Íslandi* er fjallað um tveggja ára rannsóknarverkefni þar sem leitast er við að greina stefnu í málefnum barna og nemenda af erlendum uppruna og innleiðingu hennar á skólaskrifstofum eða -sviðum í fjórum sveitarfélögum á Íslandi, og greint frá viðhorfum stjórnenda til stefunnar og reynslu þeirra af stefnumörkun á sviðinu. Fræðilegur grunnur verkefnisins er í gagnrýnum fjölmenningsfræðum þar sem áhersla er m.a. á réttindi minnihlutahópa í samfélagum og menntun (May og Sleeter, 2010; Parekh, 2006).

Í greininni *Námsrými byggð á auðlindum nemenda* fjalla Hafdís Guðjónsdóttir, Edda Óskarsdóttir, Anna Katarzyna Wozniczka og Karen Rut Gísladóttir um frásagnir af því hvernig námsrými sem byggjast á auðlindum nemenda af erlendum uppruna birtast í þremur grunnskólum. Kynnt er hvernig kennarar og fagfólk í skólunum skapa námsrými fyrir nemendur, þar sem þeir fá tækifæri til að vinna og læra og eru hvattir til þátttöku, samræðna og iðundunar. Lausnamiðaðir kennsluhættir, hvatning til að nota móðurmálið og hlý móttaka nemenda einkenndi námsrýmin þar sem námið hefur gildi fyrir nemendur með ólíkan bakgrunn.

Greinarnar í þessu sérriti fjalla eins og áður segir um nokkrar niðurstöður úr íslensku skólunum í rannsóknarverkefninu. Þær varpa ljósi á ýmsa þætti skólastarfsins, auk þess sem sjónarhorn nemenda, foreldra, kennara, stjórnenda og annars starfsfólks skóla koma þar fram. Jafnframt er í greinunum leitast við að benda á það sem betur má fara í skólasterfinu, m.a. í ljósi hugmyndafræði gagnrýnnar fjölmenningslegrar menntunar. Í greinunum birtast nokkrar myndir úr skólasterfi á Íslandi, en fleiri myndir munu birtast í öðrum greinum og bókum sem fyrirhugað er að gefa út (sjá vef verkefnisins: Learning Spaces for Inclusion and Social Justice: Education in multicultural societies, e.d.).

## Heimildir

Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson og Júlíus K. Björnsson. (2012). *Helstu niðurstöður PISA 2012. Læsi nemenda á stærðfræði og náttúrufræði og lesskilningur*. Reykjavík: Námsmatsstofnun.

Arshad, R., Wrigley, T. og Pratt, L. (ritstjórar). (2012). *Social justice re-examined: Dilemmas and solutions for the classroom teacher*. Stoke on Trent: Trentham.

Banks, J. A. (ritstjóri). (2011). *The Routledge international companion to multicultural education*. New York: Routledge.

Banks, J. A. (2013). Multicultural Education: Characteristics and goals. Í J. A. Banks og C. A. M. Banks (ritstjórar), *Multicultural education. Issues and perspectives* (8. útgáfa, bls. 3–23). New York: John Wiley.



Björk Helle Lassen. (2007). Í tveimur menningarheimum: Reynsla og upplifun kennara af erlendum uppruna af því að starfa í grunnskólum á Íslandi (Óútgefin M.Ed.-ritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.

Booth, T. (2010). *How should we live together? Inclusion as a framework of values for educational development*. Ritgerð dreift á ráðstefnu Kinderwelten, Berlín. Sótt af [http://www.kinderwelten.net/pdf/tagung2010/07\\_tony\\_booth\\_keynote\\_engl.pdf](http://www.kinderwelten.net/pdf/tagung2010/07_tony_booth_keynote_engl.pdf)

Brooker, L. (2002). *Starting school: Young children learning cultures*. Buckingham: Open University Press.

Coard, B. (2005). How the West Indian child is made educationally subnormal in the British school system: the scandal of the Black child in schools in Britain. Í B. Richardson (ritstjóri), *Tell it like it is: How our schools fail Black children* (bls. 27–59). London and Stoke on Trent: Bookmarks Publications/Trentham Books.

Conteh, J. og Meier, G. (ritstjórar). (2014). *The multilingual turn in languages education: Opportunities and challenges*. Bristol: Multilingual matters.

Cresswell, J. W. (2013). *Research design: Qualitative, quantitative, and mixed methods approaches* (4. útgáfa). London: Sage.

Cummins, J. (1996). *Negotiating identities: Education for empowerment in a diverse society*. Ontario, CA: California Association for Bilingual Education.

Cummins, J. (2004). *Language, power and pedagogy: Bilingual children in the crossfire* (3. útgáfa). Clevedon: Multilingual Matters.

Cummins, J. og Early, M. (ritstjórar). (2011). *Identity texts: The collaborative creation of power in multilingual schools*. London: A Trentham book. Institute of Education Press.

Drew, D. og Demack, S. (1998). A league apart: Statistics in the study of 'race' and education. Í P. Connolly og B. Troyna (ritstjórar), *Researching racism in education: Politics, theory and practice* (bls. 140–170). Buckingham: Open University Press.

Elsa Sigríður Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir. (2010). Multicultural education in Iceland: vision or reality? *Intercultural Education*, 21(2), 153–167.

Flick, U. (2006). *An introduction to qualitative research* (3. útgáfa). London: Sage.

García, O. (2009). *Bilingual education in the 21st century: A global perspective*. Chichester: WileyBlackwell.

García, O. og Kleifgen, J. A. (2010). *Educating emergent bilinguals: Policies, programs, and practices for English language learners*. New York: Teachers College Press.

García, O. og Wei, L. (2014). *Translanguaging: language, bilingualism and education*. Hampshire: Palgrave Macmillan.

Gay, G. (2000). *Culturally responsive teaching: Theory, research and practice*. New York: Teachers College Press.

Gee, J. P. (2004). *Situated language and learning: A critique of traditional schooling*. New York: Routledge.

Gitz-Johansen, T. (2006). Minoriteter i Danmark. Í M. S. Karrebæk (ritstjóri), *Tosprogede børn i det danske samfund* (bls. 75–97). Hans Reitzel: København.

Gundara, J. (2000). *Interculturalism, education and inclusion*. London: Paul Chapman.

Hanna Ragnarsdóttir. (2008). *Collisions and continuities: Ten immigrant families and their children in Icelandic society and schools*. Saarbrücken: VDM.

Hanna Ragnarsdóttir. (2010). Internationally educated teachers and student teachers in Iceland: Two qualitative studies. *Canadian Journal of Educational Administration and Policy*, 100 (Special Issue: Educational policy and internationally educated teachers). Sótt af <http://www.umanitoba.ca/publications/cjeap/articles/iet-toc.html>

Hanna Ragnarsdóttir (ritstjóri). (2015). *Learning spaces for inclusion and social justice: Success stories from immigrant students and school communities in four Nordic countries. Report on main findings from Finland, Iceland, Norway and Sweden*. Óbirt skýrsla. Sótt af [http://isp2015.hi.is/final\\_report](http://isp2015.hi.is/final_report)

Hanna Ragnarsdóttir og Hildur Blöndal. (2007). Háskólastigið í ljósi hnattvæðingar. Rannsókn á stöðu og reynslu erlendra nemenda við Kennaraháskóla Íslands. *Uppeldi og menntun*, 16(2), 161–182.

Hanna Ragnarsdóttir og Hildur Blöndal. (2010). Skólamenning og fjölbreyttir starfsmannahópar í leikskólum. Í Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (ritstjórar), *Fjölmening og skólastarf* (bls. 131–154). Reykjavík: Rannsóknastofa í fjölmeningarfræðum Menntavísindasviði HÍ og Háskólaútgáfan.

Hanna Ragnarsdóttir og Schmidt, C. (ritstjórar). (2014). *Learning spaces for social justice: International perspectives on exemplary practices from preschool to secondary school*. London: A Trentham Book. IOE Press.

Hargreaves, A. og Fink, D. (2006). *Sustainable leadership*. San Francisco: Jossey-Bass.

Hauge, A.-M. (2004). *Den felleskulturelle skolen: Pedagogisk arbeid med språklig og kulturelt mangfold*. Universitetsforlaget: Oslo.

Hernandez, D. J. (2004). Children and youth in immigrant families. Demographic, social, and educational issues. Í J. A. Banks og C. A. M. Banks (ritstjórar), *Handbook of research on multicultural education* (2. útgáfa, bls. 404–419). San Fransisco: Jossey-Bass.

Holm, G. og Londen, M. (2010). The discourse on multicultural education in Finland: Education for whom? *Intercultural Education*, 21(2), 107–120.

Horst, C. og Gitz-Johansen, T. (2010). Education of ethnic minority children in Denmark: monocultural hegemony and counter positions. *Intercultural Education*, 21(2), 137–151.

Hvistendahl, R. (2009). Å bli kompetent og være til nytte. Utdanning av tospråklige lærere. Í R. Hvistendahl (ritstjóri), *Flerspråkighet i skolen* (bls. 175–193). Oslo: Universitetsforlaget.

Kristín Dýrfjörð, Þórður Kristinsson og Berglind Rós Magnúsdóttir. (2013). *Jafnrétti: Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.

Kulbrandstad, L. A. (2009). Introduction: Multilingualism in school and kindergarten. Í O.K. Kjörven, B.-K. Ringen og A. Gagné (ritstjórar), *Teacher diversity in diverse schools: Challenges and opportunities for teacher education* (bls. 177–182). Vallset: Oplandske bokforlag.

Kulbrandstad, L. A., Dervin, F., Hellman, A., Lunneblad, J. og Hanna Ragnarsdóttir. (2014, 5.–7. mars). *Immigrant students in Nordic education acts and regulations*. Erindi flutt á NERA í Lillehammer.

Kulbrandstad, L. A., Hanna Ragnarsdóttir, Dervin, F., Hellman, A. og Lunneblad, J. (2015, 4.–6. mars). *Immigrant students in Nordic curriculum guidelines*. Erindi flutt á NERA í Gautaborg,.

Kvale, S. (2007). *Doing interviews*. London: Sage.

Ladson-Billings, G. (2001). *Crossing over to Canaan: The journey of new teachers in diverse classrooms*. San Francisco: Jossey-Bass.

Learning Spaces for Inclusion and Social Justice: Education in multicultural societies. (e.d.). Sótt af <http://lsp2015.hi.is/>

Lumby, J. og Coleman, M. (2007). *Leadership and diversity: Challenging theory and practice in education*. London: Sage.

May, S. (ritstjóri). (2014). *The multilingual turn: Implications for SLA, TESOL and bilingual education*. New York: Routledge.

May, S. og Sleeter, C. (2010). Introduction. Í S. May og C. E. Sleeter (ritstjórar), *Critical multiculturalism: Theory and praxis* (bls. 1–16). New York: Routledge.

McMillan, J. H. og Wergin, J. F. (2009). *Understanding and evaluating educational research* (4. útgáfa). Boston: Pearson.

Nieto, S. (2010). *The light in their eyes: Creating multicultural learning communities* (10 ára afmælisútgáfa). New York: Teachers College Press.

Noddings, N. (1988). An ethic of caring and its implications for instructional arrangements. *American Journal of Education*, 96(2), 215–230.

OECD. (2016). *International migration outlook 2016*. Sótt af <http://www.oecd-ilibrary.org/docserver/download/8116101e.pdf?expires=1478272213&id=id&accname=oid020862&checksum=31918C41595BF3D30EE20373B0E1D3EA>

Ogbu, J. U. (2003). *Black American students in an affluent suburb: A study of academic disengagement*. Mahwah: Lawrence Erlbaum.

Parekh, B. (2006). *Rethinking multiculturalism: Cultural diversity and political theory* (2. útgáfa). New York: Palgrave Macmillan.

Ringen, B.-K. og Kjørven, O. K. (2009). The design of a teacher education program for bilingual teachers in Norway. Í O.K. Kjørven, B.-K. Ringen og A. Gagné (ritstjórar), *Teacher diversity in diverse schools: Challenges and opportunities for teacher education* (bls. 131–143). Vallset: Op-landske bokforlag.

Rumbaut, R. G. og Portes, A. (2001). Introduction – Ethnogenesis: Coming of age in immigrant America. Í R. G. Rumbaut og A. Portes (ritstjórar), *Ethnicities: Children of immigrants in America* (bls. 1–19). Berkeley: University of California Press.

Ryan, J. og Rottmann, C. (2007). Educational leadership and policy approaches to critical social justice. *Journal of Educational Administration and Foundations*, 18(1-2), 9–23.

Samúel Lefever, Robert Berman, Hafdís Guðjónsdóttir og Karen Rut Gísladóttir. (2014, 31. desember). Professional identities of teachers with an immigrant background. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun: Sérít 2014 – Diversity in Education: Teachers and Learners*. Sótt af [http://netla.hi.is/serrit/2014/diversity\\_in\\_education/004.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2014/diversity_in_education/004.pdf)

Schmidt, C. og Block, L. A. (2010). Without and within: The implications of employment and ethnocultural equity policies for internationally educated teachers. *Canadian Journal of Educational Administration and Policy*, 100 (Special Issue: Educational policy and internationally educated teachers). Sótt af <http://www.umanitoba.ca/publications/cjeap/articles/iet-toc.html>

Sigurlína Davíðsdóttir. (2013). Eigindlegar eða megindlegar rannsóknaraðferðir? Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði í rannsóknum* (bls. 229–237). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Sigurlína Davíðsdóttir og Anna Ólafsdóttir. (2013). Notkun blandaðra aðferða í rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði í rannsóknum* (bls. 393–402). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Skutnabb-Kangas, T., Phillipson, R., Mohanty, A. K. og Panda, M. (ritstjórar). (2009). *Social justice through multilingual education*. Bristol: Multilingual Matters.

Slee, R. (2011). *The irregular school. Exclusion, schooling and inclusive education*. London: Routledge.

Stake, R. E. (2005). Qualitative case studies. Í N. K. Denzin og Y. S. Lincoln (ritstjórar), *The Sage handbook of qualitative research* (bls. 443–466). Thousand Oaks: Sage Publications.

Staubæs, D. (2004). *Køn, etnicitet, og skoleliv*. Forlaget Samfundsliteratur: Fredriksberg.

Talib, M.-T. og Horoya, S. (2010). Preservice teachers' intercultural competence: Japan and Finland. Í D. Mattheou (ritstjóri), *Changing Educational landscapes* (bls. 241–260). New York: Springer.

Trifonas, P. P. og Aravossitas, T. (ritstjórar). (2014). *Rethinking heritage language education*. Cambridge: Cambridge University Press.

UNESCO. (1994). *The Salamanca statement and framework for action on special needs education*. Salamanca: UNESCO.

von Brömssen, K. og Rodell Olgaç, C. (2010). Intercultural education in Sweden through the lenses of the national minorities and of religious education. *Intercultural Education*, 21(2), 121–135.

Wagner, J. T. og Jóhanna Einarsdóttir. (2006). Nordic ideals as reflected in Nordic childhoods and early education. Í Jóhanna Einarsdóttir og J. T. Wagner (ritstjórar), *Nordic childhoods and early education: Philosophy, research, policy, and practice in Denmark, Finland, Iceland, Norway and Sweden* (bls. 1–12). Greenwich, CT: Information Age Publishing.

Waye, M., Layne, H., Dervin, F. og Janhonen-Abuquah, H. (2015, 4.–6. mars). *Voices from young people with a migrant background on success and sense of belonging in Finland*. Erindi flutt á NERA í Gautaborg.

Wrigley, T. (2000). *The power to learn: Stories of success in the education of Asian and other bilingual pupils*. Stoke on Trent: Trentham.

Þórdís Þórðardóttir. (2015, 31. ágúst). Virðingarsess leikskólabarna: Þekking á barnaefni, kynjun og lagskipting í tveimur leikskólum. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2015/ryn/001.pdf>

### Um höfund

Hanna Ragnarsdóttir ([hannar@hi.is](mailto:hannar@hi.is)) er prófessor við uppeldis- og menntunarfræðideild Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Hún lauk B.A.-prófi í mannfræði og sagnfræði frá Háskóla Íslands árið 1984, M.Sc.-prófi í mannfræði frá London School of Economics and Political Science árið 1986 og Dr.philos-prófi í menntunarfræði frá Háskólanum í Osló árið 2007. Rannsóknir hennar hafa einkum beinst að börnum og fullorðnum af erlendum uppruna í íslensku samfélagi og skólum og ýmsum þáttum fjölmenningslegs skólustarfs.

### Efnisorð

Námsrými – félagslegt réttlæti – menntun án aðgreiningar – velgengni – nemendur af erlendum uppruna.

### About the author

Hanna Ragnarsdóttir ([hannar@hi.is](mailto:hannar@hi.is)) is a professor at the School of Education, University of Iceland. She completed a BA degree in anthropology and history from the University of Iceland in 1984, an MSc degree in anthropology from the London School of Economics and Political Science in 1986, and a Dr.philos in education

Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun: Sérít 2016 – Námsrými félagslegs réttlætis og menntunar án aðgreiningar/Learning spaces for inclusion and social justice

from the University of Oslo in 2007. Her research has mainly focused on immigrants (children, adults, and families) in Icelandic society and schools, multicultural education, and school reform.

**Key words**

**Learning spaces – social justice – inclusion – success – immigrant students.**



Hanna Ragnarsdóttir. (2016).

Learning Spaces for Inclusion and Social Justice: Success Stories from Immigrant Students and School Communities in Four Nordic Countries.

Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun: Sérít 2016 – Námsrými félagslegs réttlætis og menntunar án aðgreiningar/Learning spaces for inclusion and social justice

Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

[http://netla.hi.is/serrit/2016/namsrymi\\_felagslegs\\_rettlætis\\_og\\_menntunar\\_an\\_adgreiningar\\_learning\\_spaces\\_for\\_inclusion\\_and\\_social\\_justice/001.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2016/namsrymi_felagslegs_rettlætis_og_menntunar_an_adgreiningar_learning_spaces_for_inclusion_and_social_justice/001.pdf)